

Heiti áfanga: ITAL2EE05

Undanfari: ITAL2DD05

Stutt lýsing: Unnið er með alla færniþættina fjóra, tal, hlustun, lesskilning og ritun. Einnig er unnið með þemu tengd bókmenntum, kvikmyndum, auk sögu og menningu landsins.

Nemendur öðlast aukinn orðaforða og mikil áhersla er lögð á rétta málnotkun. Nemendur læra... Að skilja talað mál, bæði í kennslustofunni og í ýmsum miðlum, eins og t.d. í sjónvarpi, útvarpi og í kvikmyndum.

Geta bjargað sér vel á ítölsku í ýmsum aðstæðum og tjáð skoðun sína á ýmsum málefnum, bæði í ræðu og riti.

Skilja texta, eins og t.d. blaðagreinar og skáldsögur / smásögur sem ekki eru sérstaklega ætlaðar nemendum.

Skrifa innihaldsríkan texta um ýmis málefni.

Vinna fjölbreytt verkefni ýmist einn eða með öðrum.

Námsmat: Ekkert lokapróf er í áfanganum, en nemendur vinna verkefni jafnt og þétt yfir önnina. Verkefnin eru af ýmsum toga, þar sem unnið er með texta, kvikmyndir, blaðagreinar, fyrirlestrar fluttir og ritunarverkefni.

Verkefni yfir önnina 50%

Lokaritgerð byggð á skáldsögu 30%

Munnlegt 30%